

## Lýsing á dætrahópum undan nautum Nautastöðvar BÍ sem fædd voru árið 2001

Ætlunin er hér á eftir að gefa yfirlit um nokkrar niðurstöður úr skoðun á dætrum nautanna á Nautastöð BÍ sem fædd voru á árinu 2001, en þau voru samtals 21. Þau gögn sem hér eru notuð til úrvinnslu eru þær upplýsingar sem komnar voru þegar skoðun lauk vorið 2007, en í Skaftafellsýslunum hafði ekki verið lokið skoðun á kvígum á þeim tíma það árið. Árið 2005 bar fyrstu kvígurnar fyrir augu dómara en þær voru aðeins tvær það árið, síðan bættust 901 við árið 2006 og á árinu 2007 voru skoðaðar 995 kýr, þannig að samtals eru upplýsingar um 1898 kýr sem þessi úrvinnsla byggir á. Að þessu sinni eru dætrahóparnir því stærri að meðaltali en nokkru sinni áður og það sem ekki síður er jákvætt, miklu jafnari um stærð en nokkru sinni áður. Stærsti hópurinn telur 104 kýr en sá sem er með fæstar kýr telur 63 gripi.

Skoðun á ætterni nautanna í þessum árgangi sýnir mjög ólíka mynd miðað við næsta árgang á undan (há 2000 nautunum) að því leyti að með faðerni eru þessi 21 naut undan samtals níu feðrum meðan árgangurinn næsti á undan var að stærstum hluta tveir stórir albræðrahópar. Í þessum hópi á Klerkur 93021 samtals sjö syni en það er eini stóri bræðrahópurinn að þessu sinni. Þrátt fyrir þennan mikla breytileika í uppruna nautanna eru hóparnir sem til skoðunar koma að þessu sinni um margt samstæðari og minni breytileika á milli þeirra að lesa úr niðurstöðunum en nokkru sinni áður hefur verið. Heildarmyndin fyrir þessar kýr er jákvæð um þá þætti sem verið er að meta í útlitsmatinu. Í hópnum virðast ekki vera nein naut sem erfa sterkt frá sér mikla galla í einhverjum af þessum þáttum sem verið er að meta. Þarna virðist heldur ekki að finna neitt naut sem skilar áberandi glæsikum umfram önnur naut eins og oft hefur verið á síðustu árum úr þessum skoðunum.

Skipting á kúnum sem mynda grunn skoðunarinnar var að þessu sinni þannig að 17 þeirra voru í Kjósarsýslu, 177 í Borgarfirði, á Snæfellsnesi var 61 kýr, eins og oft fáar eða aðeins 20 í Dalasýslu, 40 kýr bar fyrir augu dómara á Vestfjörðum, 37 í Vestur-Húnavatnssýslu, 61 í Austur-Húnavatnssýslu, í Skagafirði var 141 kýr, í Eyjafjarðarsýslu 416 kýr, í Suður-Þingeyjarsýslu 208, í Múlasýslunum voru dæmdar 43 kýr, 7 í Austur-Skaftafellssýslu, 21 í Vestur-Skaftafellssýslu, 213 í Rangárvallasýslu og 436 í Árnessýslu.

Til að reyna frekar að glöggva sig á niðurstöðum þá hafa kýrnar í skoðuninni, síðustu árin, verið flokkaðar í þrjá hópa á grunni dómanna. Kostakýr teljast kýr sem að hámarki hafa eina einkunn niður á 7 í bolbyggingu, allar undireinkunnir um júgur og spena verða að vera 8 eða hærri og lágmark um mjaltir og skap er 17 og 4 en samt má kýrin ekki vera með lágmark í mati fyrir báða þætti og hert var á kröfum þannig að færi kýrin undir 18 og 5 fyrir þessa þætti þurfti hún að eiga einhverja upphækkun úr dómum um júgur og spena, þannig að kröfurnar nú eru nokkru stífari en áður hefur verið við þessa flokkun. Lökustu kýrnar eru flokkaðar sem gallagripir og hjá þeim fer einhver einkunn bolbyggingar, í 6 eða lægra, kýr fær 14 eða lægra fyrir júgur eða spena, einkunn fyrir mjaltir er 16 eða lægra eða þá að kýrin hefur fengið 3 eða lægra fyrir skap. Kýrnar sem ekki lenda á þessum falleinkunnamörkum en ná ekki hópi kostakúnna falla þá í hóp meðalkúnna.

Hér á eftir er gerð tilraun til að draga fram nokkur einkennisatriði fyrir einstaka dætrahópa en vísast til þess sem áður var sagt um að hóparnir að þessu sinni voru jafnari en áður hefur verið.

**Húsi 01001.** Langsamlega flestar kýr í hópnum eru svartar að grunnlit en alla grunnlitina er að finna nema að þetta naut virðist úr hópi þeirra fáu sem ekki erfa rauðan lit. Aðeins er um skjöldóttar í kýr í hópnum. Þessar kýr eru með frekar léttu bolbyggingu og yfirleitt í tæpu meðallagi um stærð. Áberandi gallar í skrokkbyggingu, júgur- og spenagerð eru mjög fáséðir, en smávegis örlar í millispenum hjá þessum kúm. Ekki ber neitt teljandi á alvarlegum göllum í mjöltum og skapi. Jafnar kýr þar sem lítið er um afburða glæsigrípi. Flokkun skipaði 47% kúnna í hóp kostagripa en 23% þeirra flokkuðust sem gallagripir.

**Aspar 01003.** Rauði liturinn er einkennislitur þessara kúa en alla grunnliti nema gráan gaf að líta í hópnum. Þetta eru fremur sterkbyggðar kýr. Júgurgerð er yfirleitt nokkuð traust en spenar aðeins breytilegir og stundum í lengra lagi og alloft keilulaga. Gallar í mjöltum koma ekki mikið fram hjá þessum kúm en umsögn um skap er nokkuð breytileg og helsta orsök þess að 28% kúnna flokkast sem gallagripir á meðan 39% þeirra eru í hópi kostakúa.

**Úði 01004.** Kolótti liturinn er mikið ráðandi litur í hópnum þó að grunnliti aðra en gráu litina sé þar að sjá. Mjög margar af kúnum eru húfóttar eða krossóttar og sækja þann lit til föðurins. Þá er þetta eitt fárra nauta í árganginum sem er að erfa horn. Margt eru þetta nokkuð stórar kýr með mikið bolrými. Júgur er nokkuð sterklegt og spenar fremur stuttir og vel lagaðir. Fáar kýr eru sagðar hafa alvarlega galla í mjöltum en umsögn um skap er ögn breytilegri. Flokkun skipaði 42% kúnna í flokk kostakúa en 24% þeirra voru taldar gallagripir.

**Kolskeggur 01006.** Kolóttur og bröndóttur litur er ráðandi hjá kúnum í hópnum, ekki voru þar neinar sægráar kýr og þetta er líklega naut sem ekki erfir rauðan lit. Yfirleitt eru kýrnar einlitar. Þessar kýr eru oft í tæpu meðallagi um bolrými, júgurgerðin sterklegt og góðir spenar. Hér ber hins vegar aðeins á göllum í mjöltum og nokkuð um mismjaltir, skap fær yfirleitt jákvæða umsögn en örfáar kýr sem þar fá talsvert neikvæðan dóm. Einkum gallar í mjöltum valda því að 39% kúnna flokkuðust sem gallagripir en 35% þeirra töldust kostakýr og þar á meðal örfáar mjög glæsilegar kýr.

**Völlur 01007.** Rauði liturinn einkennir þennan systrahóp en alla grunnliti nema þá gráu er þar að sjá og allmargar kýr skjöldóttar. Þessi dætrahópur er um flest talsvert breytilegri en aðrar í þessari skoðun. Þarna er nokkuð af mjög stórum og öflugum kúm. Júgurgerð er yfirleitt fremur góð, þó að vísu sjáist nokkrar kýr með afturþungt júgur, en spenar alloft keilulaga og grófari spenar en hjá öðrum dætrahópum að þessu sinni. Einkunn um mjaltir á meðaltali en aðeins bar samt á mismjaltu kúm og þessi eiginleiki eins og aðrir þannig breytilegur. Skap er einnig mjög breytilegt og nokkuð um talsverða gallagripir í þeim efnum. Flokkun sýndi 35% kúnna í hópi kostagripa en 31% þeirra flokkuðust sem gallagripir og hærra hlutfall en í hinum systrahópnum lentu þar vegna spenagalla.

**Lói 01008.** Hér er rauði liturinn einkennislitur systrahópsins en samt var þar alla grunnliti nema gráu litina að sjá og slæðingur af kúnum voru skjöldóttar. Þetta eru kýr í tæpu meðallagi um bolrými en skrokkbygging falleg og júgurgerðin er gallalítill og spenar nettir og vel settir. Athygli vekur mjög hreint júgur þar sem minna er um aukaspena en í öðrum dætrahópum. Umsögn um mjaltir er jákvæð þó að örfáar kýr teljist til бага mismjaltu og kýrnar sagðar skapgóðar. Þetta eru yfirleitt mjög

gallalitlar kýr þar sem aðeins 19% þeirra flokkast sem slíkar en 60% þeirra ná hins vegar í flokka kostagripa.

**Vinur 01009.** Hér eru rauður, bröndóttur og kolóttur litur allir algengir og einnig komu fram svartar og gráar kýr og margar þeirra skjöldóttar. Um ýmislegt skáru þessar kýr sig aðeins frá öðrum systrahópum. Bolrými er í slöku meðallagi og fremur grannar malir. Júgur ögn breytileg og aðeins um afturþungt júgur en yfirleitt samt góð júgurgerð að öðru leyti. Aðeins ber á keilulaga spenum en spenar yfirleitt fremur nettir. Mjaltir aðeins breytilegar þó að fáar kýr teljist alvarlega gallaðar í þeim efnum og meðaleinkunn um skap í lægri kantinum, þó að aðeins væru örfár kýr sem hægt væri að segja að væru verulega gallaðar að því leyti. Í hópnum eru fáar kýr sem stigast himinhátt (87 eða herra). Flokkun setti 35% kúnna í hóp kostagripa en 23% þeirra töldust gallagripir.

**Grjóti 01010.** Kolótti liturinn var algengastur grunnlita í þessum hópi en þá var alla þar að finna nema gráu litina og margar kýr skjöldóttar. Þetta er um sumt með ósamstæðustu hópnum. Talsvert bar á mjög stórum, rýmismiklum og glæsilegum kúm. Júgurbygging var í slöku meðallagi í samanburði þessara hópa og spenar oft talsvert í lengra lagi og nokkuð mikið keilulaga. Örfár kýr sáust með millispena. Mjaltir og skap fá umsögn undir meðallagi þó að fáar kýr séu mjög gallaðar, en þær kýr um leið oft með áberandi mikla galla. Af kúnum flokkuðust 45% sem kostakýr en 33% þeirra töldust gallagripir og sumar þeirra með gölluðustu kúnum sem til skoðunar komu.

**Glópur 01011.** Bröndóttur, kolóttur, svartur og rauður grunnlitur eru allir álíka algengir í þessum kúahópi en verulegur hluti kúnna skjöldóttar. Margar þessar kýr eru stórar og öflugar með mikið rými og sterka bolbyggingu. Júgurfasta er áberandi sterkleg og vel gert júgur, en spenagerð ofurlítið breytileg en engir áberandi gallar þar. Umsögn sem kýrnar fá um mjaltir eru yfirleitt jákvæð og skapgallar sjaldan til vandræða. Í hópnum er talsvert af mjög glæsilegum kúm og 52% þeirra flokkast sem kostakýr en 22% höfnuðu í hópi gallagripa.

**Bónus 01013.** Bröndóttu kýrnar voru langsamlega flestar í þessum hópi en einnig margar rauðar eða kolóttar og örfár svartar og all margar þessara kúa skjöldóttar. Þetta eru rétt um meðalkýr að stærð, margar með gott bolrými og malir stundum fremur grannar. Júgurgerðin er sterkleg og spenar gallalitlir, samt nokkuð oft keilulaga. Umsögn bæði um mjaltir og skap hjá þessum kúm er fremur jákvæð. Í hópnum eru all margar mjög glæsilegar kýr. Af þeim voru 52% flokkaðar sem kostakýr en ekki nema 20% voru í flokki gallagripa.

**Skrauti 01016.** Hér er rauði liturinn mjög ráðandi í hópnum þó að alla hina grunnlitina nema þann grúa væri þar að sjá. All margar kýr voru skjöldóttar. Mikið er þarna af feikilega bolmiklum kúm með áberandi hvelfdan bol en stundum aðeins veika yfirlínu. Malir oft mjög sterklegar. Júgur vel gert og ágætlega borið. Spenar stundum aðeins keilulaga en gallalitlir að gerð. Umsögn um mjaltir og skap góð þó að aðeins bæri á mismjöltum. Skap virðist gallalítið. Af kúnum flokkuðust 44% sem kostakýr og voru margar þeirra miklir glæsigríp, en 25% kúnna flokkuðust sem gallagripir.

**Faldur 01017.** Bröndóttar kýr eru langflestar í þessum systrahópi, allmargar einnig rauðar og kolóttar en svartan og gráan lit var einnig að sjá. Skjöldóttar kýr eru frekar sjaldséðar í hópnum. Þetta eru meðalkýr að stærð með gallalitla bolbyggingu. Júgurgerðin er yfirleitt góð en samt allmargar kýr með full afturþungt júgur, spenar fremur stuttir og vel lagaðir. Mjaltir fá umsögn í slöku meðallagi og ber smávegis á mismjöltum hjá þessum kúm. Skap fær sömuleiðis nokkuð mismunandi umsögn hjá eigendunum. Kýrnar flokkuðust 49% í hópa kostakúa en gallagripir voru hins vegar 31%. Nokkuð var um verulega glæsilegar kýr í hópnum.

**Neisti 01018.** Rauður eða bröndóttur litur langalgengastur þó að líka sjáist þar kolóttar og svartar kýr og allmargar skjöldóttar. Þetta eru vart nema meðalkýr um stærð en hafa góða bolbyggingu. Júgurgerðin er sterkleg og spenarnir sem alloft eru aðeins keilulaga eru vel lagaðir. Aðeins örlar á gölluðum mjöltum þannig að meðaltal hópsins er undir meðallagi, en lítið ber á skapgöllum. Kýrnar skiptast aðeins í tvö horn vegna þess að 61% þeirra flokkuðust sem kostakýr en 27% þeirra töldust gallagripir.

**Klútur 01019.** Rauði liturinn er mjög ráðandi hjá þessum kúm þó að alla grunnlitina nema þá gráu megi sjá og margar af kúnum eru skjöldóttar. Þessar kýr eru talsvert breytilegar að stærð, nokkrar mjög stórar kýr í hópnum. Gallar í bolbyggingu helst að nokkrar kýr hafa fremur veika yfirlínu og malir eru yfirleitt þaklaga. Júgurgerð er traustleg þó að aðeins beri á afturþungu júgri, spenar oft nokkuð keilulaga en ekki áberandi spenagallar. Umsögn um mjaltir og skap örlítið breytileg en hópurinn í heild vel í meðaltali þar um. Af kúnum flokkuðust 36% sem kostakýr en 29% þeirra voru hins vegar í hópi gallagripa.

**Taumur 01024.** Hjá dætrum hans er það rauði liturinn sem er mjög ríkjandi, þó að hina grunnlitina nema þá gráu sé alla að sjá. Nokkuð er um huppóttar kýr en fáar skjöldóttar. Þetta eru drjúgar meðalkýr að stærð og sterkbyggðar. Júgur er vel lagað og vel borið. Spenar eru yfirleitt fremur stuttir og gallalitlir að gerð samt keilulaga hjá allmörgum kúm, örlítið sást af kúm með millispena. Gallar í mjöltum virðast hverfandi litlir hjá þessum kúm og þær fá að meginhluta jákvæða umsögn um skap. Í hópnum er mikið af verulega fallegum kúm og flokkast 59% þeirra sem glæsikýr en 23% þeirra höfnuðu í hópi gallagripa.

**Völustakkur 01026.** Bröndóttar kýr eru langflestar í þessum dætrahópi en einnig nokkrar kolóttar og hina grunnlitina nema sægráan er þar að sjá. Aðeins örfáar kýr eru skjöldóttar. Þessar kýr eru talsvert breytilegar að stærð og sumar með frekar grannar malir. Júgurgerð nokkuð góð og traust. Spenar eru hjá sumum kúnna aðeins í lengra lagi og lögun ögn breytileg. Umsögn um mjaltir og skap er jákvæð, en hjá örfáum kúm var fundið að verulegum mismjöltum. Flokkun skipaði 51% kúnna í flokka kostagripa, en 18% þeirra flokkuðust hins vegar sem gallagripir og hærra hlutfalla þeirra vegna spenagalla en í flestum hinna dætrahópanna.

**Snotri 01027.** Langalgengasti litur hjá þessum kúm er kolóttur en einnig allmargar rauðar eða bröndóttar, örfáar svartar og ein grá. Nokkuð af kúnum eru skjöldóttar. Þetta er eitt fárra nauta í þessum hópi sem gefur hyrnd afkvæmi. Mest af þessum kúm eru meðalkýr að stærð en nokkrar mjög stórar kýr sem hækka meðaltal hópsins. Kýrnar hafa sterklega bolbyggingu. Júgurgerð er yfirleitt mjög góð hjá þessum kúm en spenar talsvert lengri en hjá kúnum í flestum hinna hópanna en þeir eru vel settir en

alloft aðeins keilulaga. Bæði mjaltir og skap fá jákvæða umsögn hjá umráðamönnum kúnna. Verulegur hópur er þarna af mjög snotrum kúm og flokkast 56% þeirra sem kostakýr en aðeins 14% eru í flokki gallagripa.

**Spotti 01028.** Kolóttur eða rauður litur er algengastur hjá þessum kúm, en nokkrar bröndóttar og svartar en gráar kýr ekki að finna. Fáar kýr eru skjöldóttar. Þetta naut gefur hyrnt. Kýrnar eru yfirleitt vel meðalkýr að stærð og bolbyggingin gallalítil, nokkrar með áberandi háan krossbeinskamb. Júgurgerð er góð, koma aðeins fyrir örllítið afturþung júgur og spenar nettir og vel gerðir, hjá hluta kúnna aðeins keilulaga. Umsögn um mjaltir á meðaltali en lítið um áberandi galla þar og skap kúnna fær jákvæða umsögn. Þarna eru örfáar miklar glæsikýr og margt jafnfallegra kúa enda 62% þeirra flokkaðar sem kostakýr en 16% þeirra hafna í flokki gallagripa.

**Kappi 01031.** Þessar kýr eru langflestar annað tveggja bröndóttar eða kolóttar að lit, örfáar svartar og rauðar og ein grá. Allmargar kúnna eru huppóttar en fáar skjöldóttar. Kýrnar eru yfirleitt vel í meðallagi stórar og hafa fremur gallalítla bolbyggingu margar með góða boldýpt en stundum með aðeins þaklaga malir. Gallar í júgurgerð eru ekki áberandi þó aðeins örli á afturþungu júgri. Spenar eru nettir hjá allmörgum kúm aðeins keilulega en stundum óþarflega utarlega settir á júgrinu. Þessar kýr fá yfirleitt mjög lofsamlega umsögn bæði fyrir mjaltir og skap. Flokkun kúnna skipaði 47% þeirra í hóp kostagripa en 20% af þeim voru flokkaðar sem gallagripir.

**Giljagaur 01032.** Rauður litur er mjög áberandi hjá þessum kúm en þar má hins vegar sjá örfáar kýr af öllum öðrum grunnlitum. Skjöldóttar kýr eru mjög fáséðar en allmargar huppóttar eða leistöttar. Margar kúnna eru nokkuð stórar, en útlögur hjá þeim eru samt ekki miklar en skrokkurinn yfirleitt sterklegur. Júgur er yfirleitt mjög vel borið, hjá nokkrum kúm aðeins afturþungt. Spenar eru stuttir og vel lagaðir. Umsögn um mjaltir og skap kúnna er í góðu meðallagi. Þarna eru margar fallegar kýr enda flokkast 54% þeirra í flokk kostagripa meðan 18% þeirra töldust gallagripir.

**Stokkur 01035.** Bröndótti liturinn er mjög ráðandi hjá þessum kúm en alla grunnliti nema grátt var þar að sjá. Fáar kýr skjöldóttar, en nokkrar huppóttar eða leistöttar. Þetta eru margt mjög sterklegar, frekar stórar kýr með breiðar en stundum samt aðeins þaklaga malir. Júgur fremur vel lagað, aðeins um afturþungt júgur. Spenar talsvert breytilegir að stærð og lögun en ekki áberandi gallar þar en örfáar kýr með millispena. Þessar kýr fá umsögn um mjaltir í góðu meðaltali og eru taldar sérlega skapgóðar. Í hópnum voru allmargar áberandi sterklegar og öflugar glæsikýr en 52% þeirra flokkaðist sem kostakýr en aðeins 13% lentu í flokki gallagripa.

**Villingur 01036.** Rauði liturinn er hér mjög áberandi þó að alla grunnlitina nema sægátt mætti sjá í hópnum. Aðeins er af skjöldóttum kúm þar. Þetta eru flestar vel í meðallagi stórar kýr. Gallar í bolbyggingu engir áberandi, en hjá nokkrum hluta kúnna áberandi þaklaga malir. Júgur er vel lagað og yfirleitt vel borið. Spenagerð er talsvert breytileg hjá þessum kúm og nokkuð um keilulaga spena. Dómur bæði um mjaltir og skap er í góðu meðallagi fyrir þessar kýr. Flokkunin skipaði 52% kúnna í hóp kostakúa en 20% þeirra töldust gallagripir.

